

Nd.

**50. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Valtýr Guðmundsson,  
Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju.

2. gr.

Kennarafjélagið kys í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnar-  
ráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, kemur ekkja hans  
eða eftirlátin börn í hans stað.